

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

100. fundur.

Miðvikudaginn 2. febrúar 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerðir:
 - a) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, dags. 19. des. 2010.
 - b) Hússtjórnar Dalsmynnis, dags. 3. janúar 2011.
 - c) Hússtjórnar Dalsmynnis, dags. 10. janúar 2011, ásamt bréfi.
 - d) Heilbrigðisnefndar Norðurl. – vestra, dags. 11. janúar 2011.
 - e) Samvinnunefndar um svæðisskipulag A-Hún, dags. 20. janúar 2011.
 - f) Stjórnar SSNV, dags. 11. janúar 2011.
 - g) Stjórnar SSKS dags. 1. desember 2011.
 - h) Stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 10. desember 2010.
3. Fyrirkomulag refaveiða.
4. Hugmyndir um skipulagsbreytingar á fræðslumálum í Húnavatnshreppi.
5. Bréf.
 - a) Frá Umhverfisstofnun, dags. 24. 11. 2010.
 - b) Frá stjórn SSNV, dags. 17. 12. 2010.
 - c) Frá Samgöngu- og sveitarstj.ráðuneyti, dags. 30. 12. 2010.
 - d) Frá skipulagsstofnun, dags. 03. 01. 2011.
 - e) Frá Velferðarráðuneyti, dags. 03. 01. 2011.
 - f) Frá Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 14. 01. 2011.
 - g) Frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 17. 01. 2011.
 - h) Frá SAMAN-hópnum, dags. 20. 01. 2011.
 - i) Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, dags. 20. 01. 2011.
6. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl 13.05

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Á fundi oddvita og sveitarstjóra með skólastjóra Húnavallaskóla 31. janúar s.l. lagði skólastjóri fram tillögur sínar um lækkun á rekstrarkostnaði skólans til samræmis við niðurskurð á framlögum til skólans á þessu ári.

Rætt var um breytingar á opnunartíma sundlaugar á þessu skólaári. Samþykkt var að leggja til að tímar á mánudögum og miðvikudögum verði lagðir niður og í stað þess verði sundlaugin opin á laugardögum frá kl. 14 til 18. Skólastjóra var falið að ræða við íþróttakennara um þessar breytingar.

Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar, með samrekstri gunnskóla og leikskóla, voru kynntar fyrir skólastjóra.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 100. fundur.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir að bjóða út akstur skólabarna við Húnavallaskóla frá og með skólaárinu 2011-2012. Eftirfarandi fulltrúar eru tilnefndir í nefnd til að undirbúa útboðið: Þóra Sverrisdóttir, Jakob Sigurjónsson og Guðmundur R. Halldórsson. Gert er ráð fyrir að formaður fræðslunefndar og sveitarstjóri starfi með nefndinni.

Fyrirspurn frá Sólveigu I Friðriksdóttur frá 11. janúar s.l. varðandi Jónsmessuhátíð í Húnaveri hefur verið vísað til afgreiðslu hjá hússtjórn og húsverði Húnavers með eftirfarandi bókun: *“Hreppsnefnd vill benda á að hreppsnefndin fer ekki með daglegan rekstur Húnavers, og vísar erindinu til afgreiðslu hjá hússtjórn og húsverði, sem starfa samkvæmt gildandi reglugerð um félagsheimilið Húnaver.”*

Oddviti og sveitarstjóri funduðu með formanni stjórnar Húnavers og húsverði 18. janúar s.l. þar sem farið var yfir ýmis málefni Húnavers.

Fulltrúar hreppsnefndar þau Þóra Sverrisdóttir og Björn Magnússon auk sveitarstjóra funduðu með framkvæmdastjóra Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þann 26. janúar s.l. þar sem farið var yfir áætluð framlög sjóðsins til Húnavatnshrepps á árinu 2011.

Deiliskipulag fyrir þéttbýli við Húnavelli var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 4. janúar s.l. og hefur öðlast gildi.

2. Fundargerðir:

a) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, dags. 19. des. 2010.

Lögð fram til kynningar.

b) Hússtjórnar Dalsmynnis, dags. 3. janúar 2011.

Lögð fram til kynningar.

c) Hússtjórnar Dalsmynnis, dags. 10. janúar 2011, ásamt bréfi.

Í fjárhagsáætlun 2011, var gert ráð fyrir að starfsemi bókasafnsins í Dalsmynni yrði lögð niður frá og með 1. apríl 2011.

Í bréfi fer hússtjórnar Dalsmynnis fer hún þess á leit við hreppsnefnd að fá að taka rekstur bókasafnsins inn í rekstur Dalsmynnis. Hússtjórn sjái um útlán og nýti jafnframt bókasafnið tengt ferðaþjónustu og öðru sem verið er að gera í húsinu. Hússtjórn er ekki að fara fram á laun vegna þessa, heldur einungis að fá safnið til nota fyrir hreppsþúa samkvæmt ákvörðun hússtjórnar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps fagnar beiðni hússtjórnar Dalsmynnis um að taka að sér umsjón bókasafnsins í Dalsmynni í sjálfboðaliðastarfi frá og með 1. apríl n.k. og samþykkir að veita 70 þús kr. til bókakaupa á árinu 2011. (liður 0522-2021 í endurskoðaðri fjárh.áætl)

d) Heilbrigðisnefndar Norðurl. – vestra, dags. 11. janúar 2011.

Lögð fram til kynningar.

e) Samvinnunefndar um svæðisskipulag A-Hún, dags. 20. janúar 2011.

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 100. fundur.

f) Stjórnar SSNV, dags. 11. janúar 2011.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir fyrir sitt leiti að 19. ársþingi SSNV verði frestað og það haldið fyrir lok ágústmánaðar 2011.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

g) Stjórnar SSKS dags. 1. desember 2011.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps mótmælir harðlega þeim hækkunum sem orðið hafa á gjaldskrám raforkufyrirtækja og eru langt umfram almennar verðhækkanir í landinu. Hreppsnefnd tekur undir með stjórn SSKS um að finna þurfi varanlega lausn á miklum húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum. Frá árinu 2005 hafa niðurgreiðslur ekki haldið í við verðlagsbreytingar og húshitunarkostnaður í dreifbýli og þéttbýli á landsbyggðinni er nú tvö- til þrefaldur miðað við kostnað á hitaveitukynntum landssvæðum. Hreppsnefnd skorar á ríkisstjórn Íslands að jafna þann mikla aðstöðumun sem orðinn er á húshitunarkostnaði landsmanna.

h) Stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 10. desember 2010.

Lögð fram til kynningar.

3. Fyrirkomulag refaveiða árið 2011.

Þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði vegna refaveiða er ljóst að lækka þarf kostnað við veiðarnar sem nemur greiðsluhluta ríkissjóðs árið 2010, eða um 20%

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir með sex gr. atkvæðum, að greiðslur vegna vetrarveiða verði skertar um 20% og greiddar verði 8.000 kr. fyrir hvert unnið dýr.

Einungis verði greitt til þeirra sem hafa samning um vetrarveiðar.

Í samningum um grenjavinnslu verði tímafjöldi skertur um 20% en tímakaup og aksturstaxtar verði óbreyttir.

Greidd verlaun fyrir fullorðin dýr verði 8.000 kr. Verðlaun fyrir yrðlinga verði 2.500 kr.

Jakob Sigurjónsson sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

4. Hugmyndir um skipulagsbreytingar á fræðslumálum í Húnavatnshreppi.

Í lögum um leikskóla og grunnskóla frá 1. júlí 2008, er kveðið á um heimild til sveitarfélaga til að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólustjóra.

Með þessu er verið að koma til móts við óskir sveitarfélaga, sér í lagi fámennra sveitarfélaga, þar sem hagræðingamöguleikar felast í því að hafa einn stjórnanda yfir skólum.

Frá því lögin tóku gildi hafa mörg sveitarfélög séð sér hag í því að taka upp samrekstur skólastofnana, flest á leik- og grunnskólasviði.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram og samþykkt:

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir að stefnt skuli að samrekstri á leikskólanum Vallabóli og Húnavallaskóla frá og með haustinu 2011, undir stjórn eins skólustjóra.

Með samrekstri skólanna er m.a. stefnt að því að ná fram aukinni skilvirkni í stjórnun, aukinni samþættingu náms, auknum sveigjanleika milli skólastiga og aukinni hagkvæmni í rekstri.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 100. fundur.

Hreppsnefnd felur fræðslunefnd ásamt oddvita og sveitarstjóra og í samráði við fræðslustjóra, að vinna að undirbúningi á samrekstri skólanna á Húnavöllum frá og með skólaárinu 2011-2012. Við undirbúning á samrekstri er mikilvægt að hafa gott samráð við foreldra og starfsmenn skólanna.

5. Bréf.

a) Frá Umhverfisstofnun, dags. 24. 11. 2010.

Efni: Óskað er eftir því að Húnavatnshreppur tilnefni tvo fulltrúa í umsjónarnefnd fyrir friðlandið Guðlaugstungur og Álfeirstungur. Með vísan til 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er óskað eftir að tilnefnd séu bæði karl og kona. Tilnefningaraðilar bera kostnað vegna þátttöku fulltrúa sinna í nefndinni.

Hreppsnefnd tilnefnir þau Tryggva Jónsson og Ingibjörgu Sigurðardóttur sem fulltrúa Húnavatnshrepps í nefndina.

b) Frá stjórn SSNV, dags. 17. 12. 2010.

Efni: Ályktun stjórnar SSNV frá 15. des. 2010, varðandi þann mikla niðurskurð sem stofnanir og verkefni á starfssvæði SSNV þurfa að taka á sig í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011.

Ályktun stjórnar SSNV er eftirfarandi:

“Stjórn SSNV lýsir yfir miklum vonbrigðum yfir þeim mikla niðurskurði sem stofnanir og verkefni á starfssvæði SSNV þurfa að taka á sig í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011. Það sætir mikilli furðu að Norðurland vestra sem búið hefur við mikla byggðaröskun og neikvæðan hagvöxt undanfarin ár skuli vera gert að taka á sig meiri hlutfallslegan niðurskurð en almennt gerist hvort sem um er að ræða heilbrigðisstofnanir, framlög til vegamála, niðurgreiðslur til húshitunar eða einstakara stofnana. Slíkt er varla hægt að túlka á annan veg en ríkjandi stjórnvöld láti sig íbúa og byggð á Norðurlandi vestra litlu máli skipta. Minnt er á að meint góðæri árana fyrir hrun kom lítið fram á svæðinu með tilheyrandi veikingu í byggðalegu tilliti. Þrátt fyrir það er niðurskurðarhnífnum beitt af fullum þunga á svæðinu þvert á fyrirheit um þeim skuli hlíft sem hvað höllustum fæti standa. Stjórnin skorar á ríkisstjórn Íslands og alþingismenn NV kjördæmis að standa með sveitarfélögum, atvinnulífi og íbúum á Norðurlandi vestra og láta af því sem kalla má niðurskurðareinelti, og m.a. birtist í frumvarpi til fjárlaga ársins 2011.”

Hreppsnefnd tekur undir ályktunina.

c) Frá Samgöngu- og sveitarstj.ráðuneyti, dags. 30. 12. 2010.

Efni: Þann 1. janúar 2011 var innanríkisráðuneytið sett á stofn með samruna dómsmála- og mannréttindaráðuneytis annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis hins vegar. Til kynningar.

d) Frá skipulagsstofnun, dags. 03. 01. 2011.

Efni: Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022. Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Umhverfissráðherra. Fram kemur í erindinu að Skipulagsstofnun sendir Aðalskipulag Húnavatnshrepps til staðfestingar hjá umhverfissráðherra, skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samanber erindi Húnavatnshrepps dags. 7. október 2010.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur hvorki form- né efnisgalla á aðalskipulaginu eða afgreiðslu þess.

Skipulagsstofnun telur ekki ástæðu til að fresta skipulagi á veglínu hringveggar á aðalskipulaginu að svo stöddu, en leggur áherslu á að samgönguyfirvöld hafa áform um að breyta legu hringveggar um svo kallaða Húnavallaleið. Því mælir Skipulagsstofnun með að

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 100. fundur.

Aðalskipulag Húnavatnshrepps verði staðfest með þeim fyrirvara að ekki verði heimilaðar framkvæmdir sem geti hindrað þau áform og að Húnavatnshreppur, Blönduósþéttbær og Vegagerðin hefji samráðsferli þar sem leitað verður leiða til að finna framtíðarlausn á legu hringveggar í Austur-Húnavatnssýslu áður en kemur að næstu endurskoðun aðalskipulags. Skipulagsstofnun er reiðubúin til þátttöku í slíku samráði.

Fulltrúar frá Blönduósi og Húnavatnshreppi ásamt lögfræðingi Samb. ísl. Sveitarfélaga funduðu með umhverfissráðherra þann 26. janúar s.l. um erindi Skipulagsstofnunar. Þar kom skýrt fram það álit þeirra, að þar sem hvorki væri um form- né efnisgalla að ræða á aðalskipulagstillögunum, þá bæri umhverfissráðherra að afgreiða þær án allra fyrirvara.

Lagt fram til kynningar.

e) Frá Velferðarráðuneyti, dags. 03. 01. 2011.

Efni: Velferðarráðherra beinir þeim tilmælum til sveitarstjórna að þær tryggi að einstaklingar hafi að lágmarki sambærilega fjárhæð og atvinnuleysisbætur til framfærslu á mánuði.
Lagt fram til kynningar.

f) Frá Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 14. 01. 2011.

Efni: Áhrif nýrra mannvirkjalaga á umboð byggingarnefnda.
Lagt fram til kynningar.

g) Frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 17. 01. 2011.

Efni: Beiðni um fjárstuðning á árinu 2011.
Hreppsnefnd samþykkti að styrkja starfsemi kórsins um 200 þúsund kr. á árinu 2011.

i) Frá SAMAN-hópnum, dags. 20. 01. 2011.

Efni: Beiðni um fjárstuðning við forvarnarstarf SAMAN-hópsins á áinu 2011
Hreppsnefnd hafnaði erindinu.

i) Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, dags. 20. 01. 2011.

Efni: Framkvæmd æskulýðsrannsóknna árin 2011-2016.
Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál.

Lagt fram erindi frá hestamannafélögunum Neista og Þyt þar sem óskað er eftir styrk vegna Ís-landsmóts sem haldið verður á Svínavatni 5. mars 2011.
Hreppsnefnd samþykkti að styrkja mótið um 50 þúsund kr.

Reikningar Húnavers 2009 lagðir fram til kynningar.

Rekstrarreikningur mótuneytis Húnavallaskóla frá 01.08.09 – 31.07.010 lagður fram til kynningar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð um samgöngumál í sveitarfélaginu:
*Í samgönguáætlun 2007 -2010 var gert ráð fyrir 110 millj. kr í endurgerð Reykjabrautar (724), frá hringvegi að Svínavatni. Sumarið 2009 voru útboðsgögn tilbúin og verkið komið í auglýsingaferli þegar það var slegið af og frestað um óákveðin tíma.
Í fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012 er gert ráð fyrir 380 millj. kr. í malbikun tengivega á landinu öllu, árið 2011 og 300 millj. kr. árið 2012.*

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
100. fundur.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggur þunga áherslu á að hluta af þessu framkvæmdafé verði varið til malbikunar á Reykjabraut (724) þegar á þessu ári. Framkvæmdir ættu ekki að þurfa langan undirbúningstíma þar sem útboðsgögn eru til staðar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps óskar sem fyrst eftir fundi með yfirvöldum samgöngumála, til umræðu um ástand, viðhald og framkvæmdir vegna malarvega í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 17.30

Þóra Sverrisdóttir

Björn Magnússon

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E.Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.